

BLÁA LÓNID – Heilsulind - Reykjanes



VERKSVIÐ VERKÍS

- Áætlanagerð, frumhönnun, fullnaðarhönnun, útböð og eftirlit
 - Hitakerfi, snjóbræðsla, vatns- og hreinlætiskerfi
 - Loftræsing
 - Rafkerfi
 - Lýsingarkerfi innanhúss og utan
 - Burðarvirki
 - Lögn frá Svartsengi að baðlóninu ásamt uppblöndunar- og dreifistöðvum

LÝSING

Baðlónið, sem er einkonar afgirðing af hluta affallslóns virkjunarinnar í Svartengi var upprunalega um 3500 m² að flatarmáli. Lögd var um 800 m löng neðanjarðarlögn fyrir 160°C jarðsjó frá orkuverinu í lónið. Upphitunin fer þannig fram að heitum jarðsjónum er spýtt í lónsjóinn í nokkrum brunnum, einkonar eyjum, dreifðum um lónstæðið.

Á árunum 2003-2004 voru gerðar breytingar á baðlóninu, bætt við nuddastöðu heitum fossi o.fl., auk þess sem byggt var sérstakt meðferðarlón fyrir húðsjúkdóma nær orkuverinu og aðstaða við það.

Í Bláa Lóninu er núna fullkomin aðstaða fyrir baðgesti, veitinga-, funda- og ráðstefnusalir með veislueldhúsi, verslunar og móttöku aðstaða auk aðstöðu fyrir kísilvinnslu til framleiðslu heilsutengdra vara. Fyrir framleiðsluna hefur verið lögð sérstök pípa frá orkuverinu.

Þjónustuhúsið er að hluta með náttúrulega loftræsing. Í völdum rýmum er sambland af náttúrulegri og vélrænni loftræsing en þar sem álag er mjög mikið er eingöngu vélræn loftræsing. Húsið er að stórum hluta hitað með gólfhitakerfi en til viðbótar er hitað með loftræsikerfum. Við stækkun þjónustuhússins 2007 var vatnsúðakerfi sett upp í öllu húsinu.

Lýsingarhönnun Bláa Lónsins hefur fengið mjög lofsamlega umfjöllun í fagtímaritum auk þess sem hönnuðirnir hlutu Nordisk Lyspris 2006 fyrir að draga fram arkitektúr byggingarinnar og skapa þægilegt umhverfi. Hönnunin var í höndum Rafeikningar í samvinnu við arkitekta verksins.

Stjórnkerfi baðlónsins, loftræsingar, lýsingar og glugga er útfærð með nokkrum sjálfstæðum PLC og EIB kerfum sem eru samtengd um netkerfi og tengd við kerfiráð (SCADA) um LAN staðarkerfi svæðisins.

ALMENNT UM VERKIÐ

Jarðsjóinn í Bláa Lóninu er þekktur fyrir að hafa mjög góð áhrif á einstaklinga með húðsjúkdóma, m.a. Psoriasis.

Lónið var upphaflega myndað með affallsvatni frá Orkuverinu í Svartsengi árið 1976. Árið 1998 var ákveðið að flytja það til og byggja varanlega heims klassa baðastöðu sem síðan var nánast tvöfölduð 2004 til að anna stóraukinni aðstókn. Við undirbúning, hönnun og framkvæmdir hefur verið lögð sérstök áhersla á samspil við náttúru svæðisins.

HELSTU UPPLÝSINGAR

Þjónustuhús

- Gólfblötur 5600 m²
 - Búnings- og baðaðstaða
 - Veislu- og veitingasalir
 - Verslunarsvæði
 - Skrifstofur

Lónið

- Stærð 5.000 m²
- Hitastig 30-38°C

Umfang starfsemi

- Gestir 350-400.000/ár
- Starfsmenn 150

Upphitun baðlóns

- Jarðsjó frá Svartsengi
- Magn 40 l/s
- Hitastig 160°C
- Blöndunarstöðvar 10 stk.

VIÐURKENNINGAR

Nordisk Lyspris 2006

